

Móttaka á þurrkuðu byggi frá bændum haustið 2023

Gæðaflokkun á byggi

Þrjú þættir eru notaðir við mat á korninu: þroskastig, þurrefnisinnihald og hreinleiki kornsins. Auk þess skal tryggð að ekki sé hiti í korninu við móttöku.

Þroskastig kornsins er metið út frá rúmpýngd (g/lítra) þurrkaðs korns, rakastigið er mælt og hreinleiki kornsins er metinn með sjónmati.

1. flokks korn

Korn með rúmpýngd 600 g/lítra eða hærra og er þá gert ráð fyrir að þurrefnisinnihald kornsins sé 88% eða hærra. Fari þurrefnisinnihald niður í 86-88 % er kornið verðfellt um 3%. Ekki skal vera sýnilegt rusl í korninu.

2. flokks korn

Korn með rúmpýngd á bilinu 550 til 599 g/lítra og er þá gert ráð fyrir að þurrefnisinnihald kornsins sé 88% eða hærra. Fari þurrefnisinnihald niður í 86-88 % er kornið verðfellt um 3%. Ekki skal vera sýnilegt rusl í korninu.

3. flokks korn

Korn með rúmpýngd á bilinu 500 til 549 g/lítra og er þá gert ráð fyrir að þurrefnisinnihald kornsins sé 88% eða hærra. Fari þurrefnisinnihald niður í 86-88 % er kornið verðfellt um 3%. Ekki skal vera sýnilegt rusl í korninu.

Verð á þurrkuðu byggi



A) þurrefnisinnihald 88% eða hærra

	kr án vsk	kr m/vsk	rúmpýngd
Þurrkað bygg 1. fl	47,00	58,28	=> 600 g/ltr
Þurrkað bygg 2. fl	42,30	52,45	550 - 599 g/ltr
Þurrkað bygg 3. fl	37,60	46,62	500 - 549 g/ltr

A) þurrefnisinnihald 86-88%

	kr án vsk	kr m/vsk	rúmpýngd
Þurrkað bygg 1. fl	45,59	56,53	=> 600 g/ltr
Þurrkað bygg 2. fl	41,03	50,88	550 - 599 g/ltr
Þurrkað bygg 3. fl	36,47	45,23	500 - 549 g/ltr

Ekki er tekið á móti korni með rúmpýngd undir 500 g/lítra til kaups.

Æskilegt er að bændur komi með sýni af korni til mælingar áður en afhending fer fram sé minnsti grunur um að kornið standist ekki gæðakröfur um móttöku og vinnslu.


Ekki er tekið á móti korni með þurrefnisinnihald undir 86%

Bústólpi áskilur sér rétt til að hafna móttöku korns ef mikið er um rusl í farminum.

Verðskráin miðast við afhendingu á korninu við verksmiðju á Akureyri.

Vinnsla á korni

Eins og undangengin ár býðst bændum einnig að fá þurrkað korn unnið hjá Bústólpa.



Kögglun á byggi

Við kögglun á byggi er tekið ákveðið vinnslugjald á hvert kg sem unnið er. Gjaldið er breytilegt eftir magni þar sem uppstartskostnaður deilist niður á unnið magn.

Ef unnin eru 15 tonn af fóðri eða meira er gjaldið 14 kr pr kg án vsk

Ef unnin eru 10-15 tonn af fóðri er gjaldið 14,50 kr pr kg án vsk

Ef unnin eru 5-10 tonn af fóðri er gjaldið 15 kr pr kg án vsk

Ekki er tekið við minna en 5 tonnum til sérvinnslu

Við kögglunina er byggið malað og blandað 4% melassa, hitameðhöndlað, kögглаð og síðan kælt niður á ný. Melassinn sem blandað er í er seldur sérstaklega og er kg verðið nú 125,31 kr án vsk.

Gæði korns til vinnslu

Ekki er tekið korn til vinnslu sem er undir 500 g/lítra í rúmpýngd. Heimilt er þó að vinna slíkt korn sé því blandað við korn af fullum gæðum. Sé kornið 450-500 g/lítra getur það að hámarki verið 50% af uppskrift og aðeins 30% af uppskrift sé það 400-450 g/lítra.

Sérblöndur

Sé óskað eftir frekari íblöndun í byggið eins og t.d próteini eða steinefnum gerum við tilboð í slíkt. Vinnslugjaldið er þá það sama og við kögglun á byggi en síðan er tekið gjald fyrir þau hráefni sérstaklega sem bætt er í blönduna.



Móttaka á korni hjá Bústólpa

Tekið er á móti korni lausu á vögnum eða í stórsekkjum. Mikilvægt er að hafa í huga að vagna þarf að þrifa áður en þeir eru teknir til flutninga á þurrkuðu korni. Sama gildir um stórsekki þeir þurfa að vera hreinir og ónotaðir til að leyfilegt sé að nota þá undir korn sem tekið er á móti til vinnslu eða kaups.



Reglur um flutning og móttöku á korni hjá Bústólpa

- 1) Tekið er við korni bæði lausu á vögnum og í stórsekkjum.
- 2) Vagnana þarf að þrifa og sótthreinsa fyrir flutning á korni.
- 3) Stórsekkir þurfa að vera hreinir og ónotaðir til að þá megi nota undir korn sem fara á til vinnslu.
- 4) Þegar korn er flutt laust á vögnum er mikilvægt að vagnarnir séu þéttir þannig að korn leki ekki af vögnunum við flutning eða inná lóð Bústólpa við losun.
- 5) Byrgja þarf farm vagnanna þannig að tryggt sé að korn fljúki ekki af vögnunum og eins að bleyta komist ekki í kornið ef rignir.

Bústólpi áskilur sér rétt til að hafna móttöku á korni ef ekki er farið að ofangreindum reglum.